

Rýmingaráætlun Húnaskóla

Ef viðvörunarkefi fer í gang skal unnið samkvæmt eftirfarandi rýmingaráætlun:

1. Skólastjórnendur og umsjónarmaður skólahúsnæðis fara að stjórnstöflu brunaviðvörunarkerfis, stöðva vælu og kanna hvaðan brunaboðið kemur.
2. Ef um hættuástand er að ræða eru viðvörunarvælar aftur gangsettar, samband haft við neyðarlínu í síma 112 og tilkynnt um hættu. Ef um falsboð er að ræða er það tilkynnt til Securitas í síma 460-6261.
3. Ef viðvörunarbjallan hringir og þagnar og fer ekki aftur í gang er um bilun að ræða. Hringi hún aftur viðstöðulaust skal rýma skólann samkvæmt rýmingaráætluninni. 4. Kennarar undirbúa rýmingu kennslustofunnar og fara eftir ákveðnum leiðbeiningum sem er að finna í öllum kennslustofum.
 - Þegar nemendur yfirgefa sína stofu á að skilja öll gögn eftir s.s. skólatöskur, yfirhafnir og aðrar eigur.
 - Nemendur mynda einfalda röð í fylgd með kennara sínum, kennarinn skal fara fyrir hópnum og ef annar fullorðinn er til staðar skal sá vera síðastur og passa hópinn (annars verður kennari að skipa einn nemenda).
 - Teikningar af útgönguleiðum eru á göngum skólans.
 - Nemendur yfirgefa ekki kennslustofur fyrr en kennari hefur kannað hvort útgönguleiðin sé greið.
 - Hver kennari er ábyrgur fyrir þeim bekk/hóp sem hann er að kenna þegar hættuástand skapast og að koma nemendum á söfnunarsvæðið.
 - Ætíð skal velja þann neyðarútgang sem er næstur og ef hann er ekki nothæfur þá þann næsta sem er greiðfær (sbr. kort). Ekki skal farið í útiskó.
5. Allir aðrir starfsmenn aðstoða við rýmingu á sínu svæði, halda hurðum opnum, aðgæta WC og ýmis skot.
6. Þegar komið er út á söfnunarsvæðið (sparkvöllinn) er mjög mikilvægt að nemendur standi í stafrófsröð (1. syðst og 10. nyrst) hjá sínum kennara sem gerir manntal og kannar hvort allir séu komnir út. Kennarinn kemur síðan upplýsingum um stöðuna til umsjónarmanns söfnunarsvæðis (sem getur verið skólaliði/húsvörður eða skólastjórnandi – sá sem er fyrstur á svæðið).
7. Umsjónarmaður söfnunarsvæðis kemur upplýsingum um stöðuna til skólastjórnenda. Þegar björgunaraðilar koma á staðinn gefa skólastjórnandi/umsjónarmaður skólahúsnæðis varðstjóra upplýsingar um stöðuna.